

75

19. apríl

AUGLÝSING**um afnám vegabréfsáritana.**

Með orðsendingum sendiherra Íslands og sendiherra Írlands í London, dags. 30. marz og 12. apríl 1949, hafa vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Írlands verið felldar niður frá 12. apríl 1949 að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 19. apríl 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

76

31. maí

AUGLÝSING**um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.**

Hinn 16. febrúar 1949 var undirritaður í Prag viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt samningi þessum, er gildir frá 1. marz 1949 til 30. apríl 1950, selja Íslendingar Tékkum hraðfrystan fisk, fiski- og síldarmjöl, lýsi, gærur, saltsíld, niðursoðnar fiskafurðir, ull, loðskinn, hreistur og sútuð fiskroð.

Frá Tékkóslóvakíu verða keyptar meðal annars eftirtaldar vörur: sykur, vefnaðarvörur ýmiss konar, skófatnaður, byggingarvörur, vélar og verkfæri, hjólbarðar og búsaðhöld.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING**um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands.**

77

31. maí

Hinn 17. desember s. l. var undirritaður í Haag viðskiptasamningur milli Íslands og Hollands, og er aðalefni hans sem hér segir:

1. Ríkisstjórnir Íslands og Hollands skulu gefa út nauðsynleg leyfi á tímabilinu frá 1. desember 1948 til 30. nóvember 1949, fyrir vörum, útfluttum frá Íslandi til Hollands, samkvæmt lista I, sem fylgir samningnum, og skal þar ráða magn það eða upphæð, sem talið er á eftir hverri vörutegund.
2. Ríkisstjórn Íslands skal gefa út gjaldeyris- og innflutningsleyfi, en ríkisstjórn Hollands útflutningsleyfi fyrir vörum, sem keyptar verða í Hollandi á tímabilinu frá 1. desember 1948 til 30. nóvember 1949, og skulu þau nema sömu

- upphæð og þeirri, sem hollenzk vörukaup frá Íslandi nema, samkvæmt 1. 77 grein. Að því er tekur til vörutegunda þeirra, sem taldar eru upp í lista II, 31. maí sem fylgir samningnum, skulu leyfi þau, er ríkisstjórnir Íslands og Hollands gefa út, gilda um útflutning til Íslands, er nemi að minnsta kosti vörumagnni því eða upphæðum, sem þar eru talin, þó hafa íslensk stjórnarvöld óbundnar hendur varðand veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir þeim vörum, sem merktar eru nr. 1, 13, 14, 15, 18, 28, 29, 30, 31 og 32 á lista II.
3. Greiðslur fyrir vörur, sem keyptar verða eða seldar samkvæmt samningnum, skulu af hálfu beggja aðila fara fram í sterlingspundum.
 4. Þá er tekið fram, að eigi megi skilja neitt ákvæði samningsins á þann veg, að einstaklingar eða fyrirtæki, í hvoru landinu sem er, geti fengið leyfi þau, sem hér um ræðir, eigi þau ekki rétt til þeirra samkvæmt gildandi ákvæðum í hlutaðeigandi landi.
 5. Ekkert ákvæði samningsins eða lista þeirra, sem honum fylgja, má skilja á þá leið, að það hamli frekari viðskiptum milli landanna.

Listi I.**Útflutningur frá Íslandi til Hollands.**

	Magn	Verðmæti í 1000 kr.
1. Sildarmjöl	30% af heildarframleiðslu vetrarins 1948—49, og skulu þar með teljast þau 25%, sem þegar hefur verið um samið.	
2. Fiskimjöl	3000 smál. Verði ekki nægilegt fiskimjöl til reiðu, skal afhenda sildarmjöl til jafns við það, sem á vantar.	
3. Offalmjöl	280 smál.	
4. Þorskalýsi	800 smál.	
5. Söltuð fiskflök	4000 tunnurr	
6. Kálfskinn	50 smál.	
7. Fiski- og loðskinn .		625
8. Hraðfryst þorsklök	4500 smál.	

Þá varð og samkomulag um, að Ísland selji Hollandi eftirfarandi vörur:

1. 30% af þeirri framleiðslu sildarmjöls frá sumrinu 1949, er til útflutnings kæmi.
2. 7½% af sumar- og vetrarsíldarlýsi, er til útflutnings kæmi, þó ekki yfir 2000 smálestir.

Að því er varðar síldarlýsi, var svo um samið, að íslenska ríkisstjórnin veitti útflutningsleyfi fyrir ofangreindu magni, svo fremi að kaupendur og seljendur kæmu sér saman um verð og skilmála.

Ákveðið er, að greiðsla fyrir þessar tvær vörutegundir fari fram í sterlingspundum utan við samninginn um jafnvirðis kaup.

Listi II.**Útflutningur frá Hollandi til Íslands.**

	Magn smál.	Verðmæti í 1000 kr.
1. Smjör	200	”
2. Kartöflumjöl	”	260
3. Dextrin, glukóse, sterkja til manneldis, þ. á m. framleiðsla úr maís, hrísgrjónum og hveiti í pökkum, svo og aðrar matvörur af svipuðu tagi	”	400
4. Kakósmjör, kakóduft og kakóhúð	”	800
5. Haframjöl	”	700
6. Bökunarvörur, þ. á m. bökunarduft, maizenamjöl, ger, búðingsduft, rismjöl, kjötseyðisteningar, Coco-Cola sýróp, ýmsar súpur	”	700

	Magn smál.	Verðmæti í 1000 kr.
77		
31. maí		
7. Aldinm auk	„	100
8. Þurrkaðar síkoriúrætur	„	200
9. Blómlaukar, þ. á m. blómfræ og plöntur	„	200
10. Laukur, nýtt grænmeti, þurrkað og niðursoðið grænmeti	„	700
11. Framleiðsla úr ávöxtum, þ. á m. pulp og safi	„	100
12. Vegna Áfengisverzlunar ríkisins:		
a. Spíritus og brennd vín	„	450
b. Kjarnar	„	350
c. Lyf, deyfilyf o. fl.	„	150
13. Línolía	100	„
14. Kókosolía	150	„
15. Sojuolía	100	„
16. Olein	30	„
17. Feitisýrur (acid oils), tengkawanfeiti, sterin og salatolía	„	500
18. Hreinsað parafínvax	5	„
19. Skófatnaður (nema gúmmískófatnaður)	„	350
20. Bifreiðaútbúnaður (gljálögur o. fl.)	„	25
21. Búsáhöld (nema rafmagns)	„	100
22. Gervileður (þ. á m. rexín)	„	75
23. Hreinlætisvörur, þ. á m. tannpasta, gólf- og skógljái, línsterkja og hreinlætisvörur úr plasti	„	100
24. Málning, lakk og fernis	„	250
25. Tilbúinn fatnaður, þ. á m. kvenkápur og kjólar, regnkápur, skyrtur, náttföt, brjóstahaldarar, belti, hálsbindi, treflar, hattar, húfur, sokkabönd, axlabönd	„	625
26. Lampar til logsuðu og kveikinga	„	10
27. Hrájárn (pigiron)	170	„
28. Boltar, rær, skrúfur o. fl.	80	„
29. Galvanhúðað vírnet	75	„
30. Galvanhúðaður gaddavír nr. 14 eða 12½ með 4 göddum á 4 þuml. bili	350	„
31. Logsuðuvír	20	„

Jafnframt hefur orðið samkomulag um, að ríkisstjórn Íslands muni eins og áður veita innflutningsleyfi fyrir vindlum (og e. t. v. skornu tóbaki, ef svo um semst).

Íslenzka samninganefndin tjáði sig hafa áhuga á að kaupa frá Hollandi nokkurt magn af sildartunnum og sólaleðri, og svaraði hollenzka nefndin því til, að þessar vörur mundu fást keyptar í Hollandi með nokkrum takmörkunum.

Íslenzka samninganefndin gerði sölusamninga um magn það af hraðfrystum þorskflökum, sildar- og fiskimjöli, er greinir hér að framan.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.